

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar vegna Suðurtanga á Ísafirði.

Skipulagsstofnun staðfesti 20. desember 2024 breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 sem samþykkt var í bærstjórn 31. október 2024.

Í breytingunni felst skilgreining nýs athafnasvæðis A23 en við það falla út íbúðarbyggð Í1 og samfélagsþjónusta Þ11. Aðrir landnotkunarreitir stækka og breytast, þ.e. iðnaðarsvæði I40 og miðsvæði M4, og enn aðrir minnka líkt og hafnarsvæði K1 og opið svæði til sérstakra nota Ú13.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 20. desember 2024.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 9. janúar 2025